


Alþingi
Erindi nr. P 139/1206
komudagur 2.2.2011

Allsherjanefnd
Alþingi
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 2. febrúar 2011
Tilvísun: 2011020132VEL/--

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 1. febrúar 2011, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti (177. mál á 139. löggjafarþingi, þskj. 193).

Um er að ræða ályktun um að gerð verði sjálfstæð og óháð rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti og starfsháttum þeirra frá ársbyrjun 2007 til loka september 2010.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við framkomna tillögu.

Virðingarfyllst


Vigdís Eva LINDAL



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi

Erindi nr. Þ 139/1274

komudagur 10.2.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	10. febrúar 2011	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis allsherjarnefndar Alþingis, dags. 1. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti, 177. mál.

Með vísan til lögbundins hlutverks Ríkisendurskoðunar telur stofnunin hvorki rétt né eðlilegt að láta í té umsögn um ofangreinda tillögu.

Emun Arason

Lárus Ögum.



Alþingi
Erindi nr. P 139/1225
komudagur 7.2.2011

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 3. febrúar 2011

Tilvísun: 2011020005

50.03


Tilvísun yðar: Þskj. 193 — 177. mál.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 1. febrúar sl. þar sem leitað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti, 177. mál. Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra er ekki tekin afstaða til þingsályktunartillögunnar.

F.h. RLS


Guðmundur Guðjónsson / Theima Cl. Þóriðardóttir



Alþingi
Erindi nr. P 139/1298
komudagur 14.2.2011

7. febrúar 2010
SI-70220

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti, 177. mál á 139. löggjafarþingi.

Með tölvupósti dags. 1. febrúar, óskaði Allsherjarnefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Í greinargerð með tillögunni kemur m.a. fram að lagt sé til að gerð verði rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti, og þá sérstaklega horft til samskipta, ákvarðana og atburða sem tengjast falli bankanna; vegna umfjöllunar um ráðuneytin þrjú í skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.


Ljóst er að rannsókn sem þessi, ef tillagan næði fram að ganga, myndi að talsverðu leyti beinast að öllum þeim sömu atriðum sem rannsóknarnefnd Alþingis fjallaði um í skýrslu sinni. Færa má rök fyrir því að þannig væri verið að endurtaka alla þá viðamiklu rannsókn, með tilheyrandi skýrslugjöf og gagnaafhendingum.

Seðlabanki Íslands leggur áherslu á að athugun rannsóknarnefndar Alþingis hafi verið gagnleg. Í skýrslu nefndarinnar komu fram ýmsar ábendingar sem Seðlabankinn og aðrar stofnanir hafa tekið til athugunar.

Seðlabankinn telur hins vegar ekki nauðsynlegt að ráðast í aðra slíka rannsókn, sem höggvi í sama knérunn og sú fyrri. Verður enda ekki séð af greinargerð með tillögunni að um mörg atriði sé að ræða, sem ekki hafi fengið nægjanlega umfjöllun nú þegar, og sem þurfi frekari rannsóknar við.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Jón Þ. Sigurgeirsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1252
komudagur 10. 2. 2011



Allsherjarnefnd
b/t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti (177. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreina tillögur sem felur í sér rannsókn á nokkrum ráðuneytum á tímabilinu frá ársbyrjun 2007 til loka september 2010.

Ofangreind tillaga er lagðar fram sem svar við tortryggni og efasemdum vegna atburða í aðdraganda og kjölfar hruns fjármálakerfisins.

Tillagan er lögð fram í kjölfar niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis og finna má í skýrslu hennar. Vissulega verður sá lærdómur sem fæst út úr slíkri rannsókn mikilvæg vitneskja þegar fram í sækir. Ekki verður það rengt að margt átti sér stað á síðustu árum sem ástæða er að koma í veg fyrir að endurtaki sig og því mikilvægt að gerð sé grein fyrir þeim mistökum. Hins vegar er meiri þörf á að hugsa um það sem framundan er, en ekki rýna eingöngu í því sem gerst hefur, hvernig og afhverju.

Ekki má það endurtaka sig að stöðnun verði, hvort sem litið er til stjórnvalda eða annarra þátta samfélagsins, meðan beðið er eftir niðurstöðu rannsóknar, líkt og gerðist þegar beðið var skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis síðastliðið vor. Vel þarf að gæta þess að rannsókn hafi ekki áhrif á framþróun mála meðan á henni stendur.

Sé það niðurstaða nefndarinnar að þörf sé á að rannsaka þau atriði sem ofangreind tillaga felur í sér er nauðsynlegt að sátt ríki um þá rannsókn. Með rannsóknnum sem þessum er leitast við að varpa ljósi á ákveðna atburði og eyða þeirri tortryggni sem einkenna umhverfið í dag. En til þess að unnt sé að eyða umræddri tortryggni og byggja traust á niðurstöðu slíkrar rannsóknar er nauðsynlegt að nefndin sé skipuð með þeim hætti að henni sé treyst. Hægt væri að gera rannsóknir á rannsóknir ofan um ókomna tíð um öll þau atriði sem tortryggni ríkir um og draga þarf fram í dagsljósið, en það er til einskis ef niðurstöðu slíkra rannsókna er ekki treyst.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands